

Lana Kolbrún Eddudóttir

9. janúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Hrafnhildur: Fá fullt nafn og hvernig þú vilt láta titla þig?

Já, fullt nafn er Lana Kolbrún Eddudóttir, fædd 1965. Titla mig? Ég hefði verið titluð dagskrárgerðarmaður fyrir þremur árum, í dag er ég nemi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Sagnfræðinemi er það ekki bara ágætis titill? Fyrrverandi, margsinnis formaður Samtakanna '78. Jú það er víst eitthvað líka, þið finnið eitthvað út úr því.

Ég gekk í Samtökin '78 haustið 1987, þá er ég 22. Hafði verið aðeins úti á landi í smá svona hvíld frá háskólanáminu og kom til baka til Reykjavíkur til að byrja nýtt og meira spennandi líf, sem sagt með það fyrir augum að koma út. Og þá eru Samtökin bara nýbúin að fá þetta hús niðri á Lindargötu 49 sem átti nú eftir að vera bara mjög mikill miðpunktur í allri starfsemi næstu, ja bara fram undir aldamót líklega eitthvað svoleiðis, rúm tíu ár sem að var þarna mjög mikil starfsemi og hjarta bæði félagslífsins og hinnar pólitísku baráttu. Og ég held að það hafi verið svona 75 skráðir félagar í Samtökunum '78 þegar ég kom á vettvang, eitthvað svoleiðis. Þannig að það var svona, allir sem að vettlingi gátu valdið voru nú dregnir á sjó til þess að gera eitthvað og vera í stjórn eða gera einhvern fjárann þannig að ég var orðin varaformaður samtakanna eftir nokkra mánuði, vorið 1988 kjörin á fundi og árið eftir það, 1989, er ég orðin formaður Samtakanna '78, fyrsta konan til að gegna því embætti og bara rétt í kringum 24 ára aldurinn. Og var síðan viðloðandi allt sem tilheyrði félaginu til ársins svona 1996. Lokapunkturinn á mínu pólitíska starfi með félaginu var skýrslan góða um aðstæður samkynhneigðra á Íslandi þar sem að tillögurnar um lögum um staðfesta samvist og um verndarlöggjöfina voru settar fram og síðan samþykktar í framhaldinu. Þannig að þetta er mitt tímabil svona '87 til '96.

Halla: Hvað var í gangi í Samtökunum þegar þú komst þangað?

Húsið var einhvern veginn algjörlega miðpunktur alls sem að fór fram. Það var langþráð félagsmiðstöð sem að var kyrr á sínum stað, ekki eitthvert herbergi af og til einhvers staðar sem að var stundum hægt að fara í og stundum ekki, það eru til þessar sögu af þessu í Garðastrætinu og Skólavörðustígnum og Brautarholtinu og öllu þessu en þarna var kominn fastur punktur í fyrsta skipti í raun og veru í þessari starfsemi og kominn þarna aðeins svona svolítill stuðningur frá Reykjavíkurborg. Það var nú bara í fyrsta skipti held ég svona sem að tilvera Samtakanna svona komst aðeins á blað hjá hinu opinbera. Þannig að við vorum að, það var partí allar helgar svona eins og hægt

var, einhvers konar kvöld af einhverju tagi. Það var opið á mánudögum og fimmtudögum til dæmis bókasafnið sem var rosalega mikilvægur hluti af þessu stússi okkar á þessum tíma því þú verður náttúrulega að athuga að þetta er fyrir internet sko. Þannig að finna sér einhverjar fyrirmyndir og finna einhverjar upplýsingar um hvernig maður ætti að fara að því að vera gay og lifa þannig, það var ekkert hægt að fá nema í raun og veru í gegnum bækur og blöð. Svo þetta var svona alls konar innvortis starfsemi ef segja má, kaffisala og skemmtanir og bókasafnið, og svo var náttúrulega þessi símaþjónusta. Við vorum með fræðslusíma, mig minnir að við höfum svarað í hann tvisvar í viku eitthvað svoleiðis. Hann var kannski svona upphafið að því að Samtökin fengu yfirleitt fast húsnæði, það þurfti að vera hægt að svara í síma og ástæðan fyrir því var eiginlega sko AIDS. Að það þurfti að vera hægt að komast í samband við, fólk þurfti að geta spurst fyrir og þannig að símatímarnir voru líka, það var svona, við reyndum að setja, velja það fólk sem að treysti sér í að svara í símann og já. Þetta var svona það sem var að gerst inni í húsinu og það var mjög mikið, þetta var svona, þessi ár fóru dálítið í að styrkja innviði félagsins. En á sama tíma er náttúrulega í gangi rosalega þung pólitísk barátta út á við. Sem sagt frá Samtökunum og yfir að hinu opinbera umhverfi á Íslandi. Þannig að þetta er eiginlega tveir pólur sem er verið að sinna samtímis. Þú ert með allt félagslífið sem er rosalega nauðsynlegt en svo ertu líka með einhverja X marga hausa sem að eru að reyna að vinna á svona hinu opinbera samfélagi. Við vorum náttúrulega í því á þessum tíma sko '87, '88, '89 þú veist það eru náttúrulega ekkert komið af neinu tagi. Engin lög, ekki neitt. Við erum algerlega varnarlaus og aftur er það náttúrulega AIDSið sem að, og öll þessi veikindi, sem að beinlínis kannski reka samfélagið í áttina til þess að fara að horfast í augu við það að við erum til. Og allt sem fylgdi AIDSinu til dæmis bara eins og þegar strákar dóu og skildu eftir sig mann sem var síðan kastað út af kynfjölskyldu viðkomandi látins manns, það var engin vernd af neinu tagi, þetta sko æpti á einhverskonar löggjöf. Það var ekkert lengur hægt að ignorera stöðu þessa hóps. Þannig að á þessum tíma sko, á níunda áratugnum og á tíunda áratugnum eða frá áttatíu og eitthvað til níutíu og eitthvað, þá er í raun og veru rauði þráðurinn eða meðreiðarsveinninn í þessu starfi er alltaf HIV og AIDS. Og ég var í hvoru tveggja, ég var náttúrulega formaður og varaformaður og sat alltaf í stjórnnum eða var einhvers staðar, var til dæmis líka í fræðslunni, ég gleymdi nú að nefna hana áðan. Að fara í skólana og fræða, við byrjuðum nú fljótlega á því. Og það var náttúrulega byrjað áður en þetta hús kom sko og, en ég var líka í því sko að fara

og reyna að tala við fjárlaganefnd Alþingis um að fá einhverja styrki, hitta fólk hjá borginni og reyna að fá einhverja styrki og svo náttúrulega það erfiðasta sem í raun og veru var að tala við heilbrigðisyfirvöld um ábyrgð samfélagsins á AIDS og reyna að fá einhvern skilning á það. Það var hrikalega erfitt, sko verandi, ég er náttúrulega bara kiðlingur, ég eitthvað 24 ára, ég, þú veist, ég kunni varla að vera ég sjálf sem lesbía, kunni varla að lifa sem gay og svo átti maður að sitja þarna með einhverju fagfólki og reyna að útskýra að jú það væri nú allt í lagi, endaparmssamfarir væru nú bara mjög svona eðlilegar og margir sem stunduðu þær, þeir hlytu nú að vita það og svona, þetta var hryllilegt sko, hryllilegt. Maður einhvern veginn var bara, þetta var algjör desperasjón sko að sitja þarna bara eins og bjálfi að reyna að tala við fullorðið fólk sem hagaði sér eins og fífl.

Halla: Geturðu talað aðeins meira um þessi samskipti við heilbrigðiskerfið. Og af hverju þú varst skyndilega stödd á fundum með einhverju fagfólki að útskýra endaparmsmök, hvað var í gangi? Hvað voruð þið að reyna?

Jú, það var náttúrulega sko, hin stóra spurning var auðvitað, AIDS var komið til Íslands, var í fullum gangi en heilbrigðisyfirvöld tóku þetta ekki alvarlega eða voru mjög sein til fannst manni að fókusera á hver hópurinn væri sem þyrfti að fá aðstoð og þyrfti að fá fræðslu. Og ég man til dæmis eftir að það var gert eitthvert plakat, smokkplakat. Og í fyrsta lagi voru það einhverjir þrjátíu heteró einstaklingar með smokka, eða ég held að þeir hafi langflestir verið heteró, og svo voru þeir með smokkana bara að stinga þeim í eyrun eða blása þá upp eða eitthvað, það var verið að fara alveg rosalega framhjá því hvað væri verið að tala um. Það var svona: Lifum öruggu kynlífi húhú! Það var ekki, manni fannst alls ekki sko að þetta velmenntaða fólk sem að náttúrulega hlaut að vita allt um samkynhneigð, ég meina kræst, að það skyldi ekki bara segja: Já ok heyrðu hérna við skulum bara fara í samstarf við Samtökin '78, hérna fáid þið milljón og nú skulum við bara skipuleggja hvernig við gerum þetta. Því þið hafið tengsl við hópinn, við berum ábyrgð. En það var ekki þannig því það var alltaf verið að ýta ábyrgðinni á Samtökin '78. Segja þið verðið bara að sjá um þetta, þetta er bara ykkar hópur. Þú veist, Samtökin með sína 75 meðlimi og sex manneskjur í stjórn sko gátu engan veginn borið ábyrgð á þessu sem að var risastórt heilbrigðisvandamál um allan heim. Og manni fannst þetta alveg sko forkastanlegt að þurfa að fara og sitja með, ég nenni ekki að nafngreina fólk, það

þekkir sjálft sig alveg örugglega á þessum lýsingum en, þú veist, úrvals fólk úr heilbrigðisráðuneytinu, úrvals fólk úr heilbrigðiskerfinu og það hegðaði sér bara eins og kjánar. Það bara: Já þið getið fengið 50.000 kr. styrk og þið gerið þá einhvern svona upplýsingaefni fyrir ykkar fólk. That's it skilurðu. Og þetta var stærsta frústrasjónin í þessu opinbera starfi sem ég og við í stjórn og frontu Samtakanna vorum í. Eitt var að díla við öll þessi leiðindi sem að er alltaf boðið upp á, fjölskyldu vandamál og verið að reka fólk úr vinnu og verið að gera athugasemdir við klæðaburð og allt þetta sem að, allt þetta harassment, þetta áreiti sem var alltaf bæði við lesbíur og homma, en þetta var ekkert grín. Þetta var plága. Og menn voru bara ekkert að taka það alvarlega hjá landlækni, bara ekki neitt. Eina sem þeim datt í hug var kannski, hugsanlega ætti bara að setja eitthvað fólk í sóttkví. Þetta var mjög, þetta var hryllilega, hryllilega erfitt og vanþakklátt. Og þetta situr í mér ennþá.

Hrafnhildur: Hvað með mannlega tollinn?

Af AIDS-inu? Í viðbót við náttúrulega sko þetta að manna sig upp í og harka af sér að fara og tala um þessi málefni við frekar skilningsvana fólk innan heilbrigðiskerfisins þá náttúrulega stóðum við á miðju átakasvæðinu, hommarnir og lesbíurnar. Þetta var auðvitað bara eins og vígvöllur. Það er ekkert hægt að kalla þetta neitt annað. Það voru kannski jarðarfarir bara nánast einu sinni í viku. Ungir menn jafnvel innan við þrítugt voru bara að deyja viku eftir viku eftir viku. Og sko maður kemur inn í Samtökin til að leita sér að lífi, lífsgleði, tilgangi, fjölskyldu, og það sem þú færð í hendurnar er heimsstyrjöld. Þú ert með deyjandi félagu þína í fanginu. Þú veist, það er ekki hægt að bjóða fólki upp á þetta, þetta var, sko ef trauma á við um eitthvað þá er það reynsla okkar sem að horfðum á eftir vinum okkar í gröfina aftur og aftur. Og einhvern veginn var enginn tilbúinn til þess að styðja okkur. Ekki fjölskyldurnar, ekki heilbrigðisyfirvöld og maður sat í jarðarförum aftur og aftur þar til, ég gafst upp á þeim í endanum, ég bara get þetta ekki, bara get ekki farið í þessar jarðarfarir. Og það var þagað og þagað og þagað yfir því afhverju viðkomandi hafði dáið. Ekki minnst á samkynhneigðina, ekki minnst á eftirlifandi kærasta, ekki minnst á AIDS, ekkert. Veistu þetta er alveg svona, hnífnum var bara snúið í sárunum, bara endalaust. Og ég segi það ennþá, nú er ég komin yfir fimmtugt og það eru nú komin 25, 30 ár sko síðan að maður byrjaði, já það eru 30 ár, og þetta er ennþá sá farangur sem að ég get ekki nálgast inni í sjálfri mér, þetta, það er svo mikill sársauki í þessu. Að horfa á lífsglaða

vini sína, ég man eftir til dæmis, við Jóhanna áttum ofboðslega góðan vin úti í Kaupmannahöfn sem að hét Gústaf, kallaður Gústi, íslenskur strákur sem að flutti beint frá Höfn í Hornafirði til Kaupmannahafnar eins og menn gerðu nú oft sko því það var ekkert að sækja í Reykjavík 1982, alveg jafn gott að fara bara til útlanda. Og svo sitjum við þarna þú veist úti í garði í sólinni í Köben og fólk er að fá sér pínulítinn bjór eða eitthvað bara þú veist og eins og lífið á að vera, við erum 25 eða eitthvað, og svo allt í einu byrjar Gústi að kroppa á sér löppina eitthvað svona, og það byrjar að renna blóð. Og hann svona: Ööööö AIDS, AIDS, AIDS, AIDS! Og fíflaðist bara með þetta, hvað var hægt að gera skilurðu? Hann vissi að það var ekkert annað framundan en að drekka aðeins meiri bjór og leggjast síðan banaleguna. What kind of fucking life sko.

Halla: Lesbíur á þessum tíma í Samtökunum? Þær voru töluvert færri en strákarnir.

Já, það hefur náttúrulega verið staðfest í ýmsum frásögnum svona eldri kynslóðarinnar innan samtakanna að það voru ekki margar stelpur til að byrja með. Og '87 þegar ég kem á vettvang að þá er reyndar fyrsti fundurinn eða fyrsta skemmtunin sem ég fer á er á vegum Íslensk lesbíska niðri í kvennahúsunum niðri í Hlaðvarpa. Þá voru þær ennþá aðeins virkar en það var nú svona að fjara út. Og sjálfsagt eru nú einhverjir búnir að segja söguna af því litla hliðarfélagi sem var til svona fyrir utan Samtökin því að lesbíurnar náðu ekki fóttfestu, eða voru ekki velkomnar eða eitthvað en það er fyrir mína tíð sko ég þekki ekki þá sögu. Þetta var svona handfylli af kerlingum á ýmsum aldri sem að maður hitti þegar maður fór að koma niður í Samtök. Þetta svona rúmaðist við eitt gott borð svona, kannski tíu, tólf kerlingar og flestar búnar að vera hver með annari [hlær]. Æ ég segi það ekki, þú veist þetta er náttúrulega ofboðslega lítill heimur sko, við vorum ekki mjög margar. Og við vorum samt svolítið að stússast í því að búa til einhvern svona kvenna niche innan félagsins, vorum með kvennakvöld og ég man að um tíma eftir að einhverjar af þessum stelpum komu heim frá Bandaríkjunum og Kanada þá voru svona, ekki eins og AA fundir beinlínis en svona þú veist, svona umræðukvöld eða þar sem við sátum og deildum með okkur svona alls konar og það var nú rosalega gott. Það var bara svona, því að oft var náttúrulega verið að drekka. Það var náttúrulega eitt af því sem að þessi litli hópur gerði, hann drakk því að honum leið illa. En við vorum með svona kvöld þar sem við vorum edrú og vorum kannski, einhver hafði komist yfir einhverja

lesbúmynd frá Ameríku eða eitthvað og horfðum á vídjó eða þú veist vorum að deila með okkur einhverjum bókum og svona. Það var svo lítið efni og það er aftur þetta þú veist að vera af kynslóðinni fyrir internet. Bókasafnið var það eina sem við höfðum og svo var fólk að skiptast á einhverju efni sko. Þannig að við vorum nokkrar svona aðeins að reyna að styrkja svona kvennastöðuna, ég held að það hafi nú gengið alveg bærilega. Svo auðvitað annað sem gerist á þessum tíma frá áttatíu og eitthvað til níutíu og eitthvað, það er auðvitað að strákunum fækkar, af, ja ekki eðlilegum orsökum, en þeim fækkar því þeir eru veikir. Og þeir deyja. Þannig að það var á þessum tíma held ég að sé hægt að segja sko að konurnar stigu þarna inn dálítið í frontinn. Það eru þarna, sko við komum þarna, á þessum tíma eru til dæmis þrjár konur sem verða formenn. Ég og Guðrún Gísla og Magga Pála. Og konur eiga þarna dálítið langan tíma í forgrunni og í svona þessari pólitísku vinnu útávið þannig að, já ég meina, mér fannst ágætis starfsemi miðað við hvað þetta er lítið félag en auðvitað var, það var kannski dálítið áfengisvesen sko. Það er ekkert við því, ég get ekki neitað því, þetta er líka brotinn hópur og hann auðvitað bara, hann varð að fá að lifa eins og hann gat. En ég myndi segja að þessi tími þarna sko hafi verið dálítill svona konutími í Samtökunum. Ég held að þær hafi þá endanlega fest sig í sessi. Sem, bæði sem innanhúss bara í félaginu og líka í frontinum. Ég myndi segja það. Ég hef ekki þennan samanburð sem að sumar sem að eru svona af næstu kynslóð fyrir ofan mig segja, þú veist, það voru bara karlar. Það var ein lesbía og við vorum ekki velkomnar og eitthvað svona. Ég upplifði ekki þann tíma sko.

Halla: Ég kem tíu árum á eftir eða eitthvað, aðeins eftir '90. Þá fannst mér ég vera ein af minni kynslóð en þá svo allt í einu fer að fjölga.

Já.

Hrafnhildur: Þú talar um pólitíska vinnu. Ég veit ekki hvað þú segir en mér hefur alltaf fundist þetta vera tvenns konar, þetta rak svolítið [heyri ekki], þetta var ekki beint svona pow wow fundir þar sem að: Já nú er þessi stefnuskráin hér og. Hvernig var þessi pólitíska vinna unnin og við hverju var verið að bregðast?

Pólitíska vinnan var á náttúrulega kannski á nokkrum plönnum ef svo má segja. Við þessi fáu sem að treystum okkur í þetta, þetta er náttúrulega ekki stór hópur þannig að

oft er verið að gera bara það sem er hægt að gera þú veist, það sem fólk treysti sér í. Það er HIV, AIDS þar sem er verið að tala við heilbrigðisyfirvöld og þá er í raun og veru bara verið að bregðast við ástandi sem að verður að gera eitthvað í. Síðan er auðvitað þessi eilífa, þessi eltingarleikur við peninga, að læra að leggja fram óskir um fé, til Alþingis, til Reykjavíkurborgar, læra það system. Og svo náttúrulega í þriðja lagi kemur inn á þessum tíma þessi tímamóta raunverulega ósk frá forsætisráðuneytinu um að gera skýrslu um stöðu samkynhneigðra á Íslandi '94 og þá fer í gang þessi vinna um lagalegt umhverfi samkynhneigðra sem er svona þriðja, myndi ég segja þriðja platformið sem var unnið á. Og þá vorum við orðin það sæmilega vel stæð af mannskap að við gátum alveg sko verið með fólk inni í þeirri nefnd sem var ekki líka samtímis á fullu í stjórn Samtakanna '78. Til dæmis var Guðni Baldursson, fyrsti formaður Samtakanna '78, hann sat með mér í þessari vinnu um skýrsluna, maður sem var mjög pólitískt þenkjandi en svona dálítið til baka. En þar nýttum við, gátum við allt í einu nýtt hans reynslu.

Halla: Getur þú sagt okkur aðeins frá aðdraganda þessu síðan? Hvað varð til þess [heyri ekki] þingáætlun?

Já sko, ég er ekki, þetta gerist, nú er það sko þetta með minnið.

Hrafnhildur: [Heyri ekki alveg] Hver var að pönkast á henni? Varst þú að pönkast á henni?

Ekki, nei. Í þessu svona Alþingisdæmi sko, fyrsti maðurinn sem byrjar þar er Guðni Baldursson. Hann byrjar og það er þarna, hvað hét það með Vilmundi Gylfasyni? Bandalag jafnaðarmanna? Held að þar hafi í fyrsta skipti farið inn einhvers konar erindi inn á þing, fyrirspurn eða þingsályktunartillaga sem sofnaði í nefnd og svona en Guðni er held ég pottþétt fyrsti maðurinn sem að leggur af stað í að reyna að láta, eða biðja Alþingi um að vinna með okkur. Ég var ekki inni í því, ég kom inn í þessa nefnd aðeins, Guðrún Gísladóttir sem var held ég þá formaður var fyrst inni í nefndinni með Guðna og svo þurfti hún, flutti hún út eða eitthvað og ég kom inn í staðinn. Ég er ekki alveg klár á þessu sko, en það er ekki...

Sjálfsgaht hefur nú Þorvaldur Kristinsson átt hlut að máli og herna en, það var náttúrulega annars vegar Davíð Oddsson í borginni, svo hins vegar bæði Ingibjörg Sólrún á þingi og Guðrún Ögmundsdóttir, það má heldur ekki gleyma henni. Ég er ekki sú manneskja sem að hef unnið með beint með þingmönnum þannig að ég get ekki beinlínis svarað því af hverju þessi skýrsla kom til. En mér finnst mjög trúlegt sko að þetta sé, við erum náttúrulega bara að fylgja Norðurlöndunum eins og svo oft. Það er auðvitað þarna bara verið að kópera, Danirnir eru komnir með þetta, staðfestu samvistina, og það er bara svona Norrænt samstarf í því sem heita sifjalög, það er alltaf verið að reyna, það er alltaf verið að samræma á milli Norðurlandanna þannig að það hefur líka verið fyrirbyggjandi kunnátta, vitneskja um að Danirnir voru komnir með þetta, Norðmennirnir voru á leiðinni með þetta og þú veist.

Halla: Var það það sem var verið að tala um í þessari nefnd?

Nefndin sem sagt safnaði alls kyns vitnisburðum um stöðu og reynslu samkynhneigðra á Íslandi og Þorvaldur Kristinsson átti mikið af því efni. Hann var náttúrulega búinn að safna svo lengi sögum, reynslusögum. Síðan lágum við Guðni yfir alls konar einmitt svona hvaða lög voru til, hvað var að gerast í veröldinni og aftur bendi ég á að internetið var ekki komið þannig að þetta var ansi svona miklir pappírshunkar sem var verið að fara í gegnum og svo sitjum við þarna með fulltrúum einmitt eins og meðal annars úr dómsmálaráðuneytinu sem vissu náttúrulega alveg af þessum dönsku lögum. Þrasið snerist meðal annars um, það var fulltrúi þarna frá Þjóðkirkjunni, og þrasið snerist um hvort þetta myndi heita hjónaband eða ekki sem það náttúrulega mátti alls ekki því að kirkjan átti einkarétt á því hugtaki. Og svo var hitt sem að var svona þessi verndarlöggjöf sem var sömuleiðis bara verið að fara eftir því sem var þegar til annarstaðar víðsvegar um heiminn sem var í raun og veru, og bæta inn í stjórnarskrána, þessum þætti í viðbót við kyn og kynþátt og trú að kynhneigðin færi þar inn. Og þetta er þú veist, það var ekkert mál að vinna með Dómsmálaráðuneytinu, það var verst svona að þrasa við kirkjunnar menn í þessari nefnd. Og svo var sálfræðingur með okkur úr Háskólanum sem leiddi þetta starf. Og við bara, stór hluti af skýrslunni eru reynslusögur og síðan var meirihluta- og minnihlutaálit um það hvað ætti að gera. Við vildum ganga lengra við Guðni í öllum málum, við vildum fá eitt hjónaband fyrir alla og svo framvegis skilurðu en þarna komu fyrstu tillögurnar að staðfestri samvist sem voru með þú veist, það var ekki

kirkjuvígsla, það var ekki barnaættleiðing, það var ekki tæknifrjógvun, það var svona þú veist við máttum ekki eiga börn og máttum ekki gifta okkur í kirkju en svo bara líður tíminn og það breytist en já. Ertu einhverju nær?

Nefndinni var úthlutað fundarhúsnæði niðri í Bankastræti í sama húsi og Samvinnubankinn var held ég í gamla daga og þar hittumst við, ef ég man rétt, vikulega. Þetta var ansi mikil vinna og svo sátum við Guðni allar helgar á Hagstofunni að gramsa í pappírnum. Alveg þangað til að Guðni var klagaður fyrir framhjáald [hlær] af því að skúringarkonan hélt að hann væri að halda við einhverja kerlingu niðri á Hagstofu. Það var ég. En við sem sagt funduðum þarna í Bankastrætinu og það var bara verið að fara yfir allt mögulegt. Það var verið að þrasa um hugtök. Það var verið að leggja fram pappíra um svona er þetta í þessu landi og svona er þetta í þessu landi og ég segi aftur þær stóðu sig mjög vel fulltrúar Dómsmálaráðuneytisins. Það mundi hafa verið Drífa og Magga, Margrét, og þær vissu þetta allt sko og voru alveg búnar að vera að fylgjast með hvað hafði gerst erlendis og svona. Mér fannst sjálfri fara óþarflega mikið þúður í að tala um svona, ja bara Biblíuþras. Það var óþarflega mikið Biblíuþras af því þetta voru fyrst og fremst lagaleg málefni. Þetta voru borgaraleg réttindi, mannréttindi, en við þurftum ansi mikið að vinna á Biblíunni sko.

Halla: Varstu í Borgarleikhúsinu 27., þegar lögin gengu í gegn '96?

Hrafnhildur: Þegar það var tekið í gegn með þingið, manstu eitthvað eftir því? Og svo í framhaldi, hátíðina? Mætti þetta mótstöðu? Var samfélagið bara tilbúið?

Nefndin var að þessu í um það bil ár, svona cirka frá hausti til hausts '94 til '95 og þegar hún skilaði af sér þá var hugmyndin um að lögin um staðfesta samvist tækju gildi 1. júlí 1996. Og okkur tókst að fá þau til að breyta dagsetningunni þannig að hún yrði á Gay Pride Day 27. júní í staðinn sem að var auðsótt eftir að þau fengu að vita hvaða dagur það væri og hvaða þýðingu hann hefði fyrir okkur. Og þá er sem sagt gert frumvarp til laga og lagt fram á vorþingi 1996 til samþykktar. Og það var einn maður sem talaði á móti, Árni Johnsen. Og ég held að ég fari bara alveg rétt með það, ég er nú búin að fletta þessu oft upp og það má fletta þessu upp í Alþingistíðindum en hann spurði: Hvað kemur næst? Mig minnir hann hafi nefnt bæði barnahjónabönd og

dýraníð. En hann var nú eina röddin, sem að heyrðist svona skerandi falskt í. Og lögin runnu í gegn. Frumvarpið rann í gegn. Svo rann upp 27. júní 1996 og þá var nú pólitíski armur Samtakanna '78 búinn að búinn að vinna dálítið í því að fá fólk til þess að gifta sig þennan dag, að það væri örugglega eitthvert fólk sem að væri til í að brjóta ísinn og fara í þetta. Og það voru þarna, opinberlega voru þrjú pör. Siggí og Percy, Anna og Solla, Valgerður og nú man ég ekki hvað konan hennar hét, en svo gifti ég mig líka sko. Við Jóhanna giftum okkur á inniskónum heima á Karlagötu og fengum samkynhneigðan lögfræðing sem var jafnframt að gifta sitt fyrsta par ever, Ágústu Rögnu Jónsdóttur, til að vígja okkur í hjónaband að borgaralegum hætti heima í stofu. Þannig að þetta voru fjögur pör allt í allt. Og svo steðjuðum við upp í Borgarleikhús í þessa stórkostlegu veislu. Það vissi enginn að við Jóka höfðum gift okkur en hin þrjú pörin voru til sýnis. Og það er bara, það sem ég man sko, þessi dagur var náttúrulega sturlaður sko. Hann var sturlaður á svo mörgum levelum svo ég sletti nú. Maður trúði náttúrulega ekki að þetta væri að verða að veruleika. Og svo hefðum við gift okkur og þar fram eftir götunum en ég man bara hvað mér þótti vænt um að Vigdís Finnbogadóttir kom. Og hún hafði alltaf sýnt okkur velvilja. Hún átti vinkonu í næsta húsi við Samtökin '78 niðri á Lindargötu, mig minnir að hún hafi heitið Sigga, allavega bjó hún í næsta húsi fyrir neðan og forsetabíllinn, einkabíll forsetans var oft sko í innkeyrslunni þarna á milli Lindargötu 49 og næsta húss fyrir neðan. Og ég man eftir að þegar ég var að sópa tröppurnar fyrir tíu ára afmæli Samtakanna, sem hefur þá verið vorið 1988, þá rennir Vigdís í hlað, bara á laugardagshádegi eða svona og spyr: Hva, er eitthvað um að vera hér? og eitthvað og ég segi: Já, við erum að fara að halda upp á tíu ára afmæli Samtakanna. Og hún bara ljómaði svona eins og hún gat við hvern sem er: Ég óska ykkur alls heilla í framtíðinni. 1988. Og þetta er svona hlutur sem að maður bara gleymir ekki. Svona miklu máli skipti stuðningurinn, af því það var svo lítill stuðningur. Þannig að, ég segi bara: Takk Vigdís, fyrir allt. Það hlýtur að vera í lagi að verða pínulítið sentimental, ég er orðin svo gömul.

Og svo eru svo margir búnir að deyja frá manni og svo margir búnir að missa fjölskyldur sínar og margir búnir að, þú veist, ég á góða vini sem hafa verið lamdir svoleiðis í spað að maður hélt ekki að þeir myndu geta staðið upp aftur. Og allt þetta ógeð og öll þessi illska og grimmd, hún var ótrúleg. Og ég held að allir af minni

kynslóð geti sagt svoleiðis sögur. Þannig að staðan í dag er, að minnsta kosti á yfirborðinu, pappírnum, talsvert önnur en þegar ég byrjaði '87.

Hrafnhildur: Smá spurning af því að nú erum við kölluð, tíminn hefur snúist svolítið í höndunum á okkur, en hvernig datt þér í hug að fara að berjast fyrir hjónabandið? [Heyri ekki].

Já. Auðvitað voru ekki allir neitt sérstaklega spenntir fyrir því að ganga í björg heterósexúalismans eins og ein góð kona innan Samtakanna sagði við mig og var ekkert sérstaklega ánægð. Henni fannst nú ekki eftirsóknarvert að vera að apa eftir þessa patríalísku stofnun mannsins og konunnar sko. En þegar þú horfir á fólk ekki bara tapa ástvinu sínum og maka í AIDS, heldur horfðiru á allt sem fylgdi, fólk sem átti saman íbúðir, átti saman heimili, og horfðir á hvernig var farið með þá sem voru eftirlifandi að þú hefur ekkert annað heldur en hjónaband af einhverju tagi sem er löggjörningur og ég minni á það sko, hjónabandið er löggjörningur til verndar þeirri fjölskyldu sem þú hefur stofnað. Við höfðum engan löggjörning fyrir okkur. Fólk var að skrifa erfðaskrár og þú veist, gera eitthvað svona, ég meina við vorum til. Við áttum fjölskyldur. Við áttum meira að segja börn. Það varð að koma einhver vernd, við gátum ekki verið endalaust annars flokks borgarar sem að höfðu ekki lágmarks réttindi þegar eitthvað kom fyrir í lífinu. En auðvitað horfðu margir á sko hjónabandi sem einhvern svona Mendelsonmarsinn og hvíta brúðarkjóra og ganga í bjargið skilurðu, en það var ekki þannig, ekki frá mínum bæjardyrum séð. Og við sem sátum þarna, við vorum ekki að biðja um kirkjuhjónabönd vegna þess að það væru einu alvöru hjónaböndin heldur bara vegna þess að það átti að vera jafn réttur. Þeir sem vilja gifta sig í kirkju, sem að eru involveraðir í kirkju, sem hafa þörf fyrir að binda heit fyrir framan einhvern guð, þeir áttu auðvitað að sjálfsögðu að hafa réttindi til að gera það. En það var of mikið þarna í fyrstu atrennu fyrir sko kirkjuna sjálfa, hún vildi það ekki. Og svo eru til auðvitað sögurnar af þessu hvernig menn voru að reyna að búa til einhver rituöl og þú veist Fríkirkjupresturinn gekk á undan með góðu fordæmi og gifti fólk og svona hitt og þetta. En sko gleymum því ekki að hjónaband er bara pappír. Það er bara löggjörningur, kirkjuathöfnin er skraut og ég sá aldrei neitt athugasvert við það að óska eftir löggjörningi sem verndaði okkur líkt og alla aðra borgara þessa lands. Það var það sem hjónabandið var í mínum augum alveg sama hvað það var kallað, staðfest samvist eða eitthvað þaðan af fíflalegra. Þetta snerist um

að fjölskyldur samkynhneigðra nytu sömu réttinda og annað fólk sem er fætt hér, væri íslenskur ríkisborgari með full réttindi. Hið hlægilega var síðan að þessi militant kona sem, hún var nú ákaflega ill yfir þessu að ég ætlaði að fara að draga Samtökin inn í þetta bjarg þarna, hún gifti sig nú ekkert löngu síðar sinni konu og er nú gift henni ennþá ef ég veit rétt. 25 árum síðar svoleiðis að. Ég nefni engin nöfn.

Hrafnhildur: Bara á eftir þegar við slökkvum á vélinni.

Halla: Var það algengt þegar menn voru að deyja úr alnæmi að fjölskyldurnar kæmu og tæki yfir sameiginlegt líf fólks?

Miklu meira en það. Maður hafði hræðileg dæmi fyrir augunum um fjölskyldur það er að segja tvo karlmenn sem að höfðu átt saman líf svo árum og áratugum skipti, jafnvel sko flutt hingað heim á efri árum til þess að njóta lífsins eftir að þú veist, menn voru komnir á sæmilegt ról og orðnir sæmilega efnahagslega sjálfstæðir og svona og síðan kemur dauðinn og þá er mönnum bara kastað niður tröppurnar að einbýlishúsinu sem þeir eiga sjálfir og með tannburstann í hendinni. Og allt tekið. Þetta er svona double unhappiness. Fyrst kemurðu út úr skápnunum til þess að reyna að byggja þér eitthvað líf, ná í einhverja lífshamingju, fá að vera þú sjálfur og jafnvel eignast einhvern ástvin og fjölskyldan hafnar þér. Það eru til 7000 sögur um það hvernig okkur var hent út. Ég fékk bréf frá föður mínum, það var eftirnafnslaust, hann átti enga dóttur lengur svo ég náttúrulega bara dreif mig á Hagstofuna og skipti um nafn og kenndi mig við mömmu mína. Það eru til ótal svona sögur. Svo eignastu fjölskyldu, þú eignast líf, þú eignast það sem þig langar að eiga sem er bara þetta kot sem allir þurfa, svo deyr ástin þín og þá kemur þetta aftur. Það kemur fjölskylda sem segist eiga manninn þinn og komdu þér út. Þú ert viðbjóður. Svarar þetta spurningunni? Þessar reynslusögur eru til, það er hægt að fletta þeim upp.

En í viðbót kannski við þegar maður er að hugsa um, hver er fjölskylda þín, á þessum tímum þegar við vorum ekki neitt í augum samfélagsins. Og vorum ekki gift og vigtuðum ekki neitt, að þá til dæmis ef að það kom upp á sko að viðkomandi, segjum að konan mín þurfti að fara á sjúkrahús og var mjög veik, það gerðist einu sinni. Hún var á gjörgæslu. Og þetta er áður en að við giftum okkur og svona og ég hringi til að fá að vita hvernig staðan sé: Jóhanna Björg, já ég heiti Lana Kolbrún og langar að

hérna, hún var í aðgerð og það gerðist eitthvað og nú veit ég að hún er á gjörgæslunni get ég fengið að vita hvernig hún hefur það? Hver ert þú?, var þá bara spurt í símann. Ég segi: Ja ég er konan hennar. Og það kemur mjög á hjúkrunarfræðinginn sem er í símanum: Eh, já, við getum einungis veitt upplýsingar um líðan gjörgæslusjúklinga til aðstandanda. Og ég var bara svona flabbergasted og sagði: Hvað hefurðu aldrei heyrt um samkynhneigð? Þetta er konan mín, við búum saman. Nei. Þú verður að fá aðstandanda til að hringja. Svo ég varð að biðja tengdamömmu um að hringja og gá hvort að Jóka væri lífs eða liðin. Og svipað hefur það nú sjálfsagt verið í einhverjum tilfellum með þessa stráka sem lögðust inn á sjúkrahúsin með AIDS. Kærastarnir hafa kannski ekkert verið velkomnir á þeim tímamarki þegar fjölskyldan þurfti að horfast í augu við alvarleika málsins. Bara þarna líka, hvað er fjölskylda? Og þá komum við aftur að þessu, hjónabandið, hversu hallærislegt hugtak sem það er, það er lagaleg vörn utan um þig og þitt heimili, sem að við áttum rétt á, sem allir eiga rétt á.

Hrafnhildur: Vala og Ingó. Þú varst nú ósköp þen í þættinum. Varst svo sæt og stillt og prúð.

Halla: Hún var ekkert stillt og prúð.

Ha, það getur ekki verið. Það er ekki hugsanlegt. Ingó og Vala. Í sannleika sagt. Man ég þar rétt að hann hafi verið '93 eða var hann '94? Man ekki hvort það er, það má finna út úr því. '93.

Halla: Fullur salur af hommum og lesbíum.

Sko, það er náttúrulega þetta með sýnileikann að sjá einhvern af sama sauðahúsi innan gæsalappa, í sjónvarpinu, það var nú ekki beinlínis mikið um það á þessum árum. Lesbíur og hommar voru ekki mikið til sýnis, þau voru bara höfð í felum. Þau voru bara þögguð niður. En ég held að þarna eins og á mörgum öðrum stöðum að þá var það í raun og veru Stöð 2 sem að bjargaði miklu því að þeir voru til í hvað sem er á meðan að Ríkissjónvarpið var bundið af þessum innvortis, íslensku, hvað á maður að segja, einhverjum þjóðernishræðsluskjálfta. Það mátti ekki segja orðin yfir okkur hvorki í útvarpi eða sjónvarpi og það mátti ekkert gera nema, ég ætla bara að segja hér og nú að Stöð 2 braut þennan ís og hleypti okkur í loftið. En þessi þáttur, Í sannleika

sagt, hann var á Ríkissjónvarpinu. Og kannski er fyrsti svona, fyrsta stóra sýnileikadæmið á sjónvarpi allra landsmanna. Og þetta sýstem sko það er fólk í sal og fólkíð í salnum eru bara hommar og lesbíur og pabbar þeirra og mömmur og eitthvað svona og svo er panell þarna og einhverjar fjórar, fimm manneskjur þar á meðal ég og mamma á lillablárrí blússu. Elsku mamma. Mér fannst ég vera að fara í bara eins og hvert annað viðtal. Maður setti sig í svona smá stellingar þú veist, maður var alltaf svona ef ekki militant þá að minnsta kosti svona, var ekkert að láta rugla neitt með sig sko og koma að þeim hlutum sem maður vildi koma að og svona. Og ég held að ég, mér fannst mjög gott að ræða við þau bæði. Sérstaklega fannst mér Vala standa sig vel í að undirbúa. Maður var náttúrulega pínulítið skelkaður en hún gerði þetta mjög vel og þau bæði. Og svo fer þetta bara í loftið og maður áttar sig ekkert á þessu í raun og veru með sjónvarpið hvers lags, your fifteen minutes of fame sko, eða hvort þær voru 30, 40. Og landið bara, landið og miðin, það var bara allt í uppnámi. Bara VÁ það hafði ekki verið bara ein lesbía til sýnis heldur einhver hrúga af fólki. Bara alls konar og foreldrar og fólk var bara, skammaðist sín ekki neitt, var bara þarna til sýnis eins og ekkert væri og, ég er ennþá tuttugu og eitthvað árum síðar að hitta konur sem að upplifðu eldinguna þegar þær horfðu á þennan þátt. Þú veist þetta þar sem að þær, hvort sem þær voru nú fimmtán ára eða tólf ára eða 25 ára hugsuðu bara já, þarna er ég. Þetta er ég. Þarna er fólkíð mitt. Þannig áhrif hafði þessi þáttur. Hann bara setti okkur á kortið. Það bara allt í einu vorum við til. Og það þarf enginn að segja mér að svona þáttur á þessum tíma þegar það eru engar upplýsingar hafi ekki líka hjálpað til í sambandi við allt sem á eftir kom þú veist, að staðfesta samvist og allt þetta sem þó var gert til að bæta okkar stöðu. Af því að á einu augabragði voru bara, áttu allar stórfjölskyldur á Íslandi allt í einu sinn homma eða sína lesbíu. Það bara brast á með alls konar kynhneigð í landinu bara eins og það kæmi vor. Það var stórkostlegt.

Hrafnhildur: Manstu eitthvað hvaða þættir þetta voru á Stöð 2? Þetta er alveg nákvæmlega sama upplifun og ég [heyri ekki].

Ég hafði sko, ég fór að minnsta kosti einu sinni, ef ekki oftast upp á Stöð 2 í einhvern svona maður á mann svona eitthvað og það var Stefán Jón Hafstein sem var með einhvern þátt þar sem að það var svona two heads eitthvað, og þú veist þar fékk ég að tala alveg eins og mér sýndist um samkynhneigð og gerði mig pínulítið að fífla í leiðinni en, því að hann var að tala um drag og var að segja að fólki finnist þetta nú

svolítið svona: Afhverju þurfið þið eða hvað er þetta? Hvað er þetta drag, þetta að klæða sig upp eins og fávitar? Og ég einhvern veginn aulaðist til að útskýra það voðalega asnalega, sagði: Þetta er bara eins og hvert annað skemmtiatriði, þetta er eitthvað sem fólk gerir þegar það er að skemmta sér, og bara hér og nú átti ég ekki að slökkva á þessum stórkostlega kima sem er bara grundvallaratriði í okkar lífi, dragið. En Stefán Jón sem sagt hann var einn af þeim sem að gerði þetta uppi á Stöð 2. Og enn og aftur, ég meina Stöð 2, bara Ríkissjónvarpið þurfti löðrung, og nokkra til að taka sig á. Og þegar ég fór að vinna uppi á Útvarpi 1991 þá var ennþá í gildi þetta bann um að auglýsa. Það mátti ekki segja lesbíur, hommar. Þú veist, lesbíur, hommar munið eitthvað, samtakaball eða eitthvað og það var gert á þessum íslenskufasisma, fyrirgefiði orðbragðið en á þessum íslensku forsendum. Að orðin lesbía og hommi væru bara ekki íslensk orð og því mætti ekki nota þau í auglýsingum á Ríkisútvarpinu. Og það átti að vera lesba og hómi og þessar sögur eru til. Einhvers staðar heyrði ég einhvern af minni kynslóð útskýra það sem svo að breytingin hefði komið með nýjum útvarpsstjóra, þessi tilslökun og ég ætla nú að halda því fram að það hafi bara ekki verið rétt. Breytingin var sú að landsfrægur málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins var orðinn mjög veikur á þessum tíma '91, '92 þarna um veturinn sem ég er að byrja og var ekki að störfum, sá maður sem hafði komið í veg fyrir að þessi orð mættu vera notuð þannig að ég bara stökk á tækifærið. Þáverandi yfirmaður auglýsingadeildar Ríkisútvarpsins, Baldur Jónasson, sagði eftir að ég kom til hans og sagði mig langar til að auglýsa, sagði: Við látum þetta bara fara í gegn. Við bara sjáum hvað setur. Og ég held að það hafi verið Gerður G. Bjarklind sem las fyrstu auglýsinguna: Lesbíur, hommar, munið fjölskyldukaffið á sunnudaginn! Og maður passaði sig að hafa þetta eins PC og hægt var það mátti ekki vera að auglýsa eitthvað dragkvöld, það var fjölskyldukaffi. Við vorum með svoleiðis þú veist þar sem að, það var svona byrjunin á þessum foreldrahópi skilurðu, foreldrar samkynhneigðra þar sem að kynfjölskyldan, við vorum svona að reyna að hafa kaffi og með því og þannig að fólk gæti komið með fólkið sitt. Og það voru fyrstu auglýsingarnar og Ragnheiður Ásta Pétursdóttir og Gerður G. Bjarklind lásu þetta. Vorið 1992 ég held í maí kom fyrsta auglýsingin.

En það var líka, maður var svo meðvitaður um að ögra ekki. Maður var svo, maður var í svo mikilli sjálfssritskoðun að þú veist, kannski svolítið eins og í ýmsu öðru. Það var krítíserað á sínum tíma að þegar að það var felld sú tillaga að breyta undirtitli Samtakanna í samtök samkynhneigðra og tvíkynhneigðra. Hún var felld. Og þar var á

ferðinni hræðsla okkar við að missa þetta út um víðan völl. Missa okkar agenda út um víðan völl. Maður var ofboðslega meðvitaður um að stíga ekki á neinar tær. Og þú veist reyna bara að vinna einn sigur í einu sko. Maður var svo skíthræddur við yfirvaldið sko. Skíthræddur við samfélagið, löggjafan, allt. Þannig að maður tók lítil skref og reyndi að stuða ekki of mikið í einu.

Halla: [heyri ekki alveg, eitthvað um að tvíkynhneigð sé ennþá verra en samkynhneigð].

Ég veit ekki hvort að við eigum að taka þessa umræðu sko, ég get alveg sagt að sú pólitíska arfleifð sem ég tek við eða og elst upp í innan Samtakanna '78 er bara svona gömul og góð vinstri pólitík eða sem sagt svona fundarsköp og allt svona dálítið akkúrat. Þetta var góður skóli að læra það. Læra að halda aðalfundi, læra að stýra félagi, læra að hafa stjórn á hlutunum. En þetta með tvíkynhneigðina sko það var fyrst byrjað að tala um að við mættum ekki hafa þetta svona þröngt, það væri tvíkynhneigt fólk í félaginu og við værum að útiloka það með því að hafa ekki, hafa það ekki með í titlinum. Og ég held bara hreinlega, ég ætla bara að vera alveg hreinskilin, ég held á ég til dæmis hafi bara óttast það að þá myndi einhvern veginn erindi okkar félagsins myndi útvatnast og einhver myndi hætta að taka mark á okkur og einhver myndi kannski draga í land með einhverja fjárveitingu og maður var bara ofboðslega á nálum. Algjörlega á nálum. Þetta er náttúrulega bara hlægilegt í dag þegar það eru komnar svo margar kynhneigðir að maður bara, ég hef ekki tölu á þeim. En þetta var, maður var á svona, maður var á ís sko og maður vildi ekki fara of hratt fram því að bakslagið var einhvern veginn alltaf alveg við eyrað á manni. Og það var náttúrulega líka alltaf verið að berja á okkur í eiginlegum og óeiginlegum skilningi. Þannig að við vorum svolítið að taka lítil skref. Við vorum svolítið að biðja um gott veður. Hallærislegt kannski þegar maður horfir á það núna en það var bara fullkomlega nauðsynlegt á þessum tíma. Þú gast ekki fengið allt sem þú vildir. Þú varðst bara að taka, biðja um eina skeið í einu. Mótstaðan var svo mikil.

Hrafnhildur: Ert þú hinsegin?

Er ég hinsegin? Ef að hinsegin er þýðing á hugtakinu queer, þá vil ég mjög gjarnan vera hinsegin.

Hrafnhildur: Er satt að þegar það var verið að smala fólki í félagið, ná í nýja meðlimi að þú hafir fengið svona heimilistæki í staðinn?

Ég held að Hrafnhildur þurfi meira kaffi núna. Eina manneskjan sem færði mér einhver nothæf heimilistæki varst þú. Ég treysti því að þetta fari ekki með. Viltu umorða spurninguna?

Hrafnhildur: Nei nei, ég var bara að grínast.

Það var engin smölun. Það var engum að smala.

Hrafnhildur: Vorum nokkur að grínast með þetta að koma með nýja meðlimi þá-

Já, ef þú kemur með þrjá nýja meðlimi færðu eitthvað já nei, það var ekki svoleiðis. Það má ekki gleyma því að þetta var ótrúlega fámennt félag og á sinn hátt sko ekkert, ekki, það er ljótt að segja að það hafi ekki verið vel mannað en það var þarna náttúrulega fólk sem var statt á ýmsum skeiðum í sínu lífi. Sumir voru á vondum stað. Það gátu ekkert allir gert neitt meira heldur en að koma og vera með öðrum þú veist. Við erum að tala um flokk sem að var helvíti illa á sig kominn. Margir þú veist, brennivínsveikir og svo auðvitað bara illa farnir af andstöðu og mótlæti innan fjölskyldunnar, illa farnir á sál. Og svo voru náttúrulega hinir sem voru veikir á líkama, þessi veiki sem að alltaf, helvítis plágan. Þú veist þetta var ekki, þetta var ekki alveg svona, þetta var ekkert eins og einhver elftu sjötti bekkur í M.R. Við vorum misvel stödd.

Hrafnhildur: Fylgistu með Samtökunum í dag og hvernig lýst þér á nýja [heyri ekki]?

Ég get ekki farið inn í þetta. Ég er ekkert, ég hef í raun og veru, ég fylgdi Samtökunum frá 1987 til 1996 og lít á skýrsluna um stöðu samkynhneigðra sem minn magnum opus. Hún var að minnsta kosti jafn stór og venjuleg mastersritgerð. Þar eiginlega lét ég gott heita. Við giftum okkur 1996 og fórum bara að sinna okkar fjölskyldulífi sem hafði setið á hakanum öll þessi ár sem að ég hafði verið á kafi í Samtökunum. Þannig að þetta er bara mjög intensívur tími, átta, níu, tíu ár og þá var

ég líka bara útrunni. Og ég held að það eigi við um marga að minnsta kosti á þeim tíma og jafnvel ennþá í dag, að fólk brennur hratt út í þessu félagi því það er í svo mörg horn að líta sko. Þetta er ekki bara pólitík út á við, þetta er líka pólitík inn á við og svo er bara hinn mannlegi þáttur. Hann er mjög flókinn. Og það er svo margt sem þarf að tala um og aðstoða fólk við og við vorum í raun og veru sko in over our head í gamla daga. Að sitja og svara í síma, fræðslusíma þar sem að fólk hringir og segir: Ég gerði þetta um helgina og hérna heldurðu að ég sé kominn með AIDS? Það er svolítið flókið að sitja og svara svona, við áttum ekki að vera að svara þessu, flest okkar vorum bara krakkar, tuttugu og eitthvað. Þetta svolítið geggjað.

Hrafnhildur: Þú minntist á það, hver var hlutverk Davíðs Oddssonar í því að, þekkirðu þá sögu eða var það aðeins á undan?

Þekki, sko.

Hrafnhildur: Hann hlýtur að vera, já, hálfpartinn velunnari.

Sko, segja það sem segja vill um Davíð Oddsson en ég held að hann hafi verið sko, hann var ungur stjórnmalamaður, hann var ungur borgarstjóri, og seinna þingmaður og forsætisráðherra og allt það. Og ég held að hann hafi ekki verið neitt sérstaklega íhaldsamur þegar kom að samkynhneigð, ég hef ekki hugmynd um af hverju. En þegar að AIDS var komið í hámmæli og staðan var orðin mjög slæm þá er alveg klárt að Davíð Oddsson kippti í einhverja spotta til þess að við gætum fengið þetta húsnæði á Lindargötu 49. Því það var ekki hægt að hafa bara símtæki það þurfti líka skrifborð og þak yfir þetta símtæki til þess að svara öllum þessum spurningum sem að við í sjálfu sér áttum ekkert að vera að svara um AIDS. Og það kemur, það er bara með fyrstu styrkjunum ef ekki sá fyrsti, er styrkur, leigustyrkur fyrir þessu húsi frá Reykjavíkurborg. Og ég meina Davíð er borgarstjóri. Skýrsla um stöðu samkynhneigðra er pöntuð af forsætisráðuneytinu. Davíð er forsætisráðherra.

Hrafnhildur: Hvað með þá aðra þingmenn sem að voru í felum? Var hægt að reiða sig á einhvern stuðning?

Þingmenn í felum? Þetta er náttúrulega málefni sem að kannski sko, það er nú ekki gott að vera að tala um það svona einhvern tímann eftir á þó maður hafi haft sínar hugmyndir um fólk sem að var samkynhneigt en gat ekki leyft sér það eða kom út eða þorði, var ekki í þeirri stöðu. Ég veit um kannski tvo sem ég man eftir. Hvorugur í þeirri aðstöðu að maður hefði getað beðið hann um að stíga fram. Það var ekki. Það er aftur svona fólk sem að er bara er, er greint, sem að er bara mannlega intelligent, sem skilur að þetta eru málefni sem skipta máli. Pólitíkusar eins og Ingibjörg Sólrún og Guðrún Ögmundsdóttir og Davíð Oddsson. Og sjálfsagt sko svo margir, margir, margir fleiri sem að ég kann ekki að nefna. Þetta er bara, já.

Hrafnhildur: Það hefur stundum verið sagt að þeir sem að fluttu málin að lokum, að þeir höfðu flestir á einn eða annan hátt einhvern aðstandenda sem að var hommi eða lesbía.

Það má vel vera sko og að allt þetta fólk sem að tók okkar málefni upp á opinberum vettvangi, þingmenn og borgarfulltrúar hafi verið fólk sem að átti nána vini, aðstandendur og fjölskyldu sem að var samkynhneigt. Ég þekki það ekkert nákvæmlega en auðvitað finnst manni það líklegt að það hafi á einhvern hátt haft innsýn í okkar heim. Því eins og ég sagði í sambandi við þáttinn Í sannleika sagt að eftir að hann fór í loftið þá átti hver einasta stórfjölskylda á Íslandi allt í einu lesbíu eða homma, það hafði bara ekki alveg vitað um það. Þannig að, þetta er svo lítið land, við erum svo fá. Sem segir okkur líka það sko að hver og einn einasti svona þingmaður og borgarfulltrúi eða borgarstjóri eða einhver sem tekur upp málefni getur haft svo mikil áhrif. En þetta eru svona, það eru aðrir sem hafa verið að vinna í eins og þessum frumvörpum og ég veit til dæmis að bæði Þorvaldur og Guðni eru auðvitað menn og kannski Guðrún Gísladóttir og jafnvel Magga Pála, ég meina þetta er allt fólk sem að hefur pólitískar, pólitísk tengsl. Og ég hef ekki minnst á eins og til dæmis eins og Atla Gíslason, bróður Guðrúnar Gísladóttur, lögfræðing, sem lengi var Samtökunum innan handar um lögfræðilega aðstoð svona sem sagt veitti okkur ráð, góð ráð. Ég meina það er á þessu fámenna landi, maður þekkir mann sem þekkir mann og svo er allt í einu búíð að kippa einhverju í liðinn ef maður er heppinn. Þannig séð. Vegna þess að boðleiðirnar eru stuttar ef þær eru opnar á annað borð.

Hrafnhildur: Hvað með eina af fyrstu Gay Pride göngunum, manst þú eftir henni, varstu þar? Hvernig var úti á götu?

Já. Það var þetta með göngurnar. Það var nú eiginlega svolítið fyndið. Hérna, það á að vera til í skjalasafni Samtakanna '78 sem er geymt í Borgarskjalasafninu, höfnunarbréf hvort það er frá ASÍ, um að lesbíur og hommar megi ekki ganga með borða í 1. maí göngunni. Við sóttum um að meiga fara með borða sem var ábyggilega bara svona atvinnuöryggi fyrir lesbíur og homma, eitthvað svona verkalýðstengt mál af því það var náttúrulega alltaf verið að reka okkur úr vinnu. Og þeir höfnuðu því, þeim fannst það nú ekki viðeigandi að, eða, fannst þessi hugmynd held ég ofboðslega langsótt. Svo að það á að vera til það höfnunarbréf. En síðan, og nú verður einhver sem er minnisbetri en ég að fletta þessu upp í ártölunum, bjuggum við til göngu. Hún hét nú ekki Gay Pride held ég þá, ég man það nú ekki hvað hún hét, hún hét ekki gleðiganga held ég, breytir svo sem engu. Og það voru, hvort við náðum því þá að vera sjötíu. Eða 35. Með einhvern ég man að við máluðum hérna gamla lesbíumerkið hérna bleika þríhyrninginn sem var einu sinni, hann var á einhverju spjaldi. Einhver svona, æ þetta var svona við vorum að mála þetta þarna á gólfinu niðri í kjallara á Lindargötu 49. Þetta var mjög frumstætt sko. En við löbбуðum frá Lindargötunni, upp Frakkastíginn og þaðan niður Laugaveginn og fórum að Stjórnarráðshúsinu ef ég man rétt og hvort að einhver hélt einhverja tölu eða þú veist, við stóðum þarna eitthvað með skiltin okkar og svona. Ansi langt frá sko þessari 100.000 manna glimmergöngu hans Páls Óskars. Það verð ég nú að segja. Þá, sko þarna á þessum tíma erum við náttúrulega ennþá í bara ógeðslega gamaldags sko pólitískri svona, pólitískri aksjón. Standa og selja fréttabréfið fyrir utan Ríkið eða eitthvað þú veist. Þetta var svona gamaldags, hvað eigum við að segja, maður á mann aðferðin, að fræða eða gera eitthvað svoleiðis sko. Þetta er bara eins og þetta sé frá 1900 og bara 60 eða þaðan af eldra sko. En hérna...

Hrafnhildur: Þurfti hugrekki? Hvernig tók fólk við ykkur þegar þið voruð að labba? Stóð fólk á kantinum og klappaði?

Veistu ég man það ekki. Sko það er líka annað, að þegar að þú ert að gera svona hluti í samfélagi þar sem að það er eiginlega ekki neitt sko þú veist, það er aftur þetta með PR-ið að koma upplýsingunum áleiðis. Það er ekkert mál í dag þú veist, að senda

tilkynningar á allar sjónvarpsstöðvar og alla fjölmiðla þú veist og fólk mætir og það er svo lítið mál að taka myndir og koma öllu í loftið og svona sko. Það var bara erfitt að láta vita af því að við værum að gera þetta sko, við skrifuðum alveg örugglega fréttatilkynningu sko og sendum í pósti á Ríkisútvarpið og Stöð 2 og eitthvað svona og einhver blöð, ég veit ekkert hvort það var eitthvað fólk að fylgjast með okkur. Ég held ekki. Ég held það hafi verið bara kannski svona einhverjir tilfallandi svona passers by sem voru að velta því fyrir sér hvaða vitleysingar þetta voru sko.

Hrafnhildur: Hafði þetta áhrif?

Þetta hafði pottþétt áhrif innan félagsins. Og ég held að þú veist, maður þurfti náttúrulega að æsa sig upp í að gera þetta. Auðvitað vissum við að fólk hefði farið í Gay Pride göngur í útlöndum og vissum alveg að það þú veist, þetta voru náttúrulega massífir atburðir í San Francisco eða, og jafnvel í Kaupmannahöfn þótt það væri nú kannski samt ekkert sérstaklega merkilegt þar þá var það samt. Gay Pride var alveg eitthvað sem að allir sem að höfðu verið í útlöndum vissu hvað var og langaði að hafa Gay Pride skilurðu. En þetta var nú ekkert, það var ekkert rosalegur Hollywoodbragur á þessu hjá okkur þarna í upphafi sko.

Halla: [Heyri ekki hvað hún segir].

Það er góð spurning. Það gæti einhver hafa verið svona á bak við gardínu svona. En ég held ekki. Annars er minnið ekkert voðalega gott sko, ég verð að játa það. Ja það hefði geta hafa verið kannski einhver potential í stjórnarráðinu. Einhver í felum. Feluþingmaður.

Hrafnhildur: Ég er ekkert viss um að það fari í þessa mynd en af því ég veit náttúrulega að [heyri ekki] sennilega endar þetta efni allt saman á einhverju kvikmyndasafni en ég var að velta því fyrir mér hvort að þú vilt segja okkur söguna um hitt félagið?

Ég kann hana bara ekkert rosalega vel sko. Sko það er eiginlega frekar að tala við Eysteini. Okkur Eysteini náttúrulega lenti saman um þetta með tvíkynhneigðina. Ég

kann ekkert að segja af því í raun og veru sko hversu lengi þau störfuðu sem hét bara Félagið, með stóru effi.

Hrafnhildur: En þú getur kannski sagt það klauf sig einhver hópur út eða?

Já þetta er þarna, ég held að þetta hafi verið á aðalfundinum '93 þegar ég er kjörinn formaður í seinna skiptið af minni formennsku. Og kannski rétt að koma því að að Hörður Torfason bauð sig fram á móti mér og tapaði. En skiptir svo sem ekki máli að öðru leyti en ég var býsna ánægð með mig. Kannski of ánægð með mig ég veit það ekki. Það kom þessi tillaga um að breyta undirtitli Samtakanna úr Samtökin '78 - félag lesbía og homma á Íslandi yfir í Samtökin '78 - félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra á Íslandi minnir mig það hafi verið. Og í forystu fyrir þessari tillögu var vinur minn og góður félagi af bókasafninu og úr skólafræðslunni og virkilega bara mikill lykilmaður í starfi Samtakanna til margra ára, hann Eysteinn. Man ekki hvers son hann er. Eysteinn vildi sem sagt, var tvíkynhneigður eða skilgreindi sig sem tvíkynhneigðan, og fleira fólk sem að var ekki tilbúið til að sætta sig við það að vera smættað niður í að vera samkynhneigt þegar það var tvíkynhneigt. Og tillagan hún var bara felld og ég skal alveg játa það að ég var ekki fylgjandi þessari tillögu. Ég vildi ekki láta breyta nafninu. Ég var bara ekki, maður vissi bara ekki meira. Maður var bara þú veist, bara ennþá í pínulítilli einangrun hérna uppi á Íslandi. Það var ekkert komið þetta LGBTI... ég kann ekki rununa skilurðu. Við vorum bara ennþá að hamast við að vera samkynhneigð og mega það. Svo Eysteinn og hans fólk klauf sig frá, sagði sig úr Samtökunum, gott ef að hann gerði, ég held að hann hafi, fór upp í pontu og reif skírteinið sitt, stofnaði Félagið með stóru effi sem að ég held að hafi verið bæði fyrir samkynhneigða og tvíkynhneigða. Ég veit ekki hvort það starfaði kannski í ár. Hann er, Eysteinn er betur til frásagnar um það en ég en svo kemur auðvitað bara að því að þessir hlutir breytast innan Samtakanna og þessar skilgreiningar fara að streyma inn. Þessar nýju skilgreiningar og þú veist, við áttum ennþá eftir að díla við trans til dæmis. Ég meina það var ekki komið á dagskrá, það var enginn að tala um það. Þetta var bara, við vorum pínulítið svona að koma úr torfkofunum.

Hrafnhildur: Þetta fer náttúrulega allt í hring. Ég held það sé kominn tími á að stofna Samtökin '78 – félag homma og lesbía aftur.

Já það getur vel verið. En það, ég er ekki, ég hef ekki komið inn í Samtökin '78 í allmörg ár, ekki komið í nýja húsnæðið, og ekki verið að sækja fundi þannig að. Ég veit að það hefur náttúrulega verið mikið í gangi þarna og það eru bara þessi skilgreiningamálefni sem að banka á dyrnar. Sumir eiga auðvelt með það að meðtaka þetta allt saman og sumir ekki sko.

Hrafnhildur: Er eitthvað að lokum sem að þú vilt koma á framfæri?

Ég sagði nú ekki söguna af því þegar Gústi lá banaleguna uppi á Borgarspítala. Besti vinur okkar Jóku, hann Gústi sem bjó í Kaupmanahöfn, hann kom heim hérna um jól, bara eins og fólk gerði sem að bjó í útlöndum, kom heim í jólafrí. Það sem við vissum bara ekki var að hann var að koma heim til að deyja. Og hann lá í sófanum hjá okkur og var að lýsa því hernig honum leið af lyfjunum eða hvað þetta nú var, þetta var fyrir, sko þetta er áður en að þriggja lyfja kokteillinn kemur, þarna deyja menn bara, það er ekkert í gangi sko. Og hann var að lýsa því að hann gat eiginlega ekki stigið í fæturna vegna þess að lyfin sem hann var á, það loguðu á honum iljarnar. Og ég veit ekki hvað það var, einhver miðtaugakerfislyf sjálfsagt eða eitthvað og ég veit ekki við hverju. En hann sagði sko það er eins og að vera á glóandi kolum. Ég get eiginlega ekki staðið. Og svo lá hann bara í sófanum. Við áttum brjálæðislega skapstyggan kött, fyrsta köttinn okkar. Hann bara vildi, sko það var ekki séns að möndla neitt við hana. Hún hoppaði bara beint upp í sófa til Gústa, lagðist ofan á bringuna á honum og hringaði sig. Hún skynjaði hvað han átti lítið eftir sko. Svo er hann eitthvað svona aðeins inn og út af Borgó. Var með lungnabólgu, það var nú það sem að tók marga þessa stráka það var bara lungnabólga, og er að segja okkur þarna í síðustu heimsókninni hlæjandi frá atviki sem að hafði komið fyrir hann þarna uppi á Borgó þar sem að þessi smitsjúkdómadeild var sem að fólkið var í geimfarabúningum að skipta á plástrum hjá strákunum sem voru með AIDS, það er nú bara svona kafli út af fyrir sig sko, þessi pláguótti var náttúrulega brjálæðislegur. Það eru til myndir af þessu, þetta er brjálæðislegt. Nema hjúkkubjálfinn fer með Gústa út í rúminu að reykja. Það var nýbúið að banna reykingar í opinberum byggingum. Og Gústi, það eina sem að hann átti eftir í lífinu það var þetta bara að fá sér smók. Það var ekkert annað eftir. Allur matur vondur á bragðið þú veist, allt farið. Hann langar út í smók. Þá segir hún, þessi bjálfi: Þú vilt ekki bara nota tækifærið á meðan þú liggur hérna inni og hætta að reykja? Hann var dáinn eftir viku.

Það var attitude-ið. Það var bara svona fíflangur. Það var bara svona þú veist æ ég veit það ekki. Fólk var bara eins og bjálfar. Það var svo stressað þetta heilbrigðisstarfsfólk. Það var bara eins og fáraðlingar í kringum þessa HIV stráka. En svo, man ég nefnilega einmitt eftir, Donna. Og ég man eftir því sko við héldum að hann, hann lá banalegu héldum við. Var með lungnabólgu, og þú veist fólk hittist niðri í Samtökum og: Hvað er að fréttu og hefurðu, hefurðu heyrt í, hefurðu heyrt af þessum? Hvernig hefur þessi það? Hvað er að fréttu? Og: Já Donni bara, Donni liggur. Og þú veist þá vissi maður hvað það þýddi, þá var það lungnabólgan. Og svo bara allt í einu birtist okkur maður bara, bara liggur mér við að segja stiginn upp frá dauðum, inn á Lindargötu kátur og hress eins og hann var alltaf, kátur og glaður og er, og bara dró niður og sýndi okkur lyfjabrunninn sem var í bringunni á honum, þriggja lyfja kokteilinn. Hann var fyrsti maðurinn sem ég upplifði að sneri til baka. Það var ótrúlegt. Því fram að því hafði þetta bara verið þú veist, þegar menn fóru að leggjast inn á sjúkrahúsið þá vissi maður alveg hvað beið. Og Donni lifir enn. Yndislegur. En þeir eru margir, þeir eru margir sem að eru farnir. Mér er bara til efs í raun og veru að fólk svona almennt skilji þennan vígvöll sem við vorum í þarna þessi litli hópur. Að þetta er svona eins og fólk er í dag að hittast, við sem vorum saman í lagadeildinni, og, eða við sem útskrifuðumst saman stúdentar, það eru alls konar reunion og gaman hjá fólki og þú veist, við getum ekki haft neitt reunion, nema bara fara í kirkjugarðagöngu. Þeir eru allir dánir. Bara hver einasti maður sem að maður kynntist 1980 og eitthvað. Þannig að þessi situasjón, að koma inn í félag ungur, leita sér að lífi, leita sér að fyrirmyndum, leita sér að ást, leita sér bara að því sem allir eru að leita að í lífinu, eignast eitthvað sem þú getur kalla þitt eigið og á sama tíma er bara: Tjúh, þessi er dáinn. Og svo bara: Tjúh, þessi er dáinn. Fórst þú í jarðarförina? Já, presurinn laug bara og laug. Þú veist, þetta er svo abstrakt skilurðu, þetta er ekki einu sinni bara svart og hvítt þetta er bara eins og sitt hvort universe-ið. Þú ert að reyna að sækja hamingjuna og með henni færðu þetta. Þennan vígvöll. Það er bara hægt, þetta er incompatible sko. Og ég held að, ég get bara talað fyrir mig en þetta er, ég er ekki búin að vinna úr þessu. Þetta er, það er ekki hægt að skilja þetta. Þetta er einhver svona hluti af lífi mínu sem er bara já, hann er bara, ég þori varla að opna þetta. Ætli við séum ekki bara öll með þetta sem að heitir þarna PTSD? Ég man ekki hvað þetta heitir á íslensku.

Halla: Áfallastreituröskun.

Áfallastreituröskun. Ég held að við séum öll með það sem vorum þarna á AIDS tímanum. Og kannski væri nú bara allt í lagi að fara að hlúa að okkur sem eru á, sem þurfum alltaf að vera að fara í þessar kirkjugarðaheimsóknir. Því þetta er í raun og veru eins og Breiðavík. Þetta er bara, það ætti að gera eitthvað fyrir okkur. Ég meina við ættum að fá bara terapíu sko.

Hrafnhildur: Svo var bara allt endalaust, fáránlegar auglýsingar til þess að, ég man eftir fyrstu sjónvarpsauglýsingunni.

Ekki deyja úr fáfræði?

Hrafnhildur: Já öruggt kynlíf.

Það var miklu verra en það. Það var einhver svona dadadadaaaaa svona eitthvað fimmta símfónía Beethovens eitthvað svona og: Ekki deyja úr fáfræði, Landlæknisembættið. Skilurðu. Þegar þeir voru hættir með þessi plaköt þar sem að fólk tróð smokkunum í eyrun á sér að þá fóru þeir alveg út í hina áttina sko. Bara að harka út einhverja þúsundkalla fyrir því að hafa ókeypis smokka á 22. Þetta var allt svo öfugt, það var svo mikil andstaða.